

Stofnanasamningur milli Fiskistofu og SFR- stéttarfélag í almannajónustu.

Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra dags. 9.3.2005

1. Gildissvið

Samkomulag þetta gildir um félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem starfa hjá Fiskistofu.

2. Markmið stofnanasamnings

- að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk
- að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið taki mið af skipuriti og markmiðum stofnunarinnar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til að öðlast hlut í aukinni skilvirkni starfseminnar
- að tekið verði upp reglubundið frammistöðumat.

Leiðir að þessum markmiðum eru m.a.:

- að auka vægi dagvinnulauna, enda náist að hagræða í öðrum launakostnaði og auka framleiðni.
- að taka upp frammistöðumat og starfsmannasamtöl í því sambandi.

3. Grunnröðun

Störfum skal raðað í launaflokka miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess skal gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum og er það grunnröðun viðkomandi starfs.

Sérfræðingur 1: Vinnur störf undir daglegri umsjón annarra. Starfar við verkþætti eða verkefni sem krefst faglegrar hæfni og sérþekkingar.

Sérfræðingur 2: Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða mörgum smærri verkþáttum og ber faglega ábyrgð á þeim.

Sérfræðingur 3: Hefur yfirumsjón með viðamiklum verkefnum eða málaflokkum og ber faglega ábyrgð á þeim. Ber ábyrgð á verksviði sínu gagnvart deildarstjóra/forstöðumanni. Tekur þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð.

Deildarstjóri: Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Tekur þátt í stefnumótun, öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við forstöðumann. Fer með yfirstjórn þeirra verkþátta er falla undir deildina, ber faglega ábyrgð á starfsemi deildarinnar og gætir þess að markmiðum stofnunar sé framfylgt.

Forstöðumaður: Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Tekur þátt stefnumótun og sér um skipulagningu sviðsins og samhæfingu við meginmarkmið og árangursstjórnun Fiskistofu. Ber ábyrgð á starfsemi sviðsins og sér um samskipti Fiskistofu á sínu sviði við aðrar stofnanir og samtök innanlands og utan.

Grunnröðun eftirfarandi starfa skal vera:

Starfsheiti	Grunnröðun
Sérfræðingur 1	015
Veiðieftirlitsmaður	017
Matvælaeftirlitsmaður	017
Sérfræðingur 2	017
Sérfræðingur 3	020
Deildarstjóri	020
Forstöðumaður	025

4 Mat á einstökum þáttum

4.1 Mat á einstökum störfum

Við röðun einstakra starfa í launaflokka umfram það sem greint er í gr. 3 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, s.s. ef:

- hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið

- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

4.2 Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við röðun einstakra starfsmanna í launaflokka umfram það sem greint er í gr. 3 skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður getur sinnt starfi á fleiri en einu verksviði innan Fiskistofu
- starfsmaður er áhugasamur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Stofnun skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt liðum 4.1 og 4.2. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá forsendur. Sjá einnig grein 11.3.4 í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005. Fiskistofa skal hafa lokið þessu mati í septembermánuði ár hvert.

5 Starfsmannaviðtöl

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali fyrir 1. júní á hverju ári. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í starfsmannaviðtalinu skal m.a. koma fram:

- Áætlun um símenntun starfsmanns og möguleika hans til að sækja símenntun
- Umsögn um starfsmanninn og þróun hans í starfi.
- Ákvörðun um launaviðtal sé þess óskað.

6 Endurskoðun og gildistími

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005. Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2007

Reykjavík, 23. apríl 2007

F.h. Fiskistofu

F.h. SFR-stéttarfélag í almannajónustu

Þórður Ásgeirsson

Jóhanna Vilhjálmsdóttir

Gylfi Ástbjartsson

Axel Axelsson

Karítas Jónsdóttir

Ægir Ólason